



Kennari óskast

Við í Grunnskólanum í Þorlákshöfn leitum að umsjónarkennara fyrir næsta skólaár. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2025. Um er að ræða afleysingu til eins árs. Í skólanum eru um 280 nemendur og starfsmenn eru um 60 talsins. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms. Þá tekur skólinn þátt í verkefnum um Grænfána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*. Viltu vita meira? Kíktu þá á heimasíðuna okkar: <https://www.olfus.is/grunnskolin>.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna samkvæmt stefnu skólans og stuðla að velferð nemenda
- Að mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda
- Að vinna í teymi með öðrum umsjónarkennara að kennslu árgangs
- Að vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum
- Að stuðla að farsælu samstarfi heimila og skóla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð hæfni í íslensku
- Faglegur metnaður og skipulagshæfni
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum


Umsókninni skal fylgja afrit af leyfisbréfi og greinargóð skýrsla/ferilskrá um fyrri störf umsækjanda, menntun og starfsreynslu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknarfrestur er til 19. maí 2025.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri og Garðar Geirfinnsson, aðstoðarskólastjóri
olina@olfus.is / gardar@olfus.is

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.



ÖLFUS
Hamingjan er hér